

OPID BRÉF,

79

7. júlí

er stefnir saman Alþingi til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 hefi ákveðið, að Alþingi komi saman til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941, kl. 13.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðspjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gjört í Reykjavík, 7. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

80

9. júlí

um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum,
er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sameinað Alþingi kys hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Eftirlitsmenn skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrirmæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun.

Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrirmæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrirmæli verði sett.